

Fundur 13.01.2023

Mætt: Anna Magnea Hreinsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Jenný D. Gunnarsdóttir, Tryggvi Thayer, Jóhann Örn Sigurjónsson og Svava Björg Mörk. Sigríður boðaði forföll og það láðist að boða Ívar Rafn á fundinn.

Fundargerð ritaði: Svava Björg Mörk.

Dagskrá:

1. Ráðstefna um starfendarannsóknir – undirbúningsnefnd
 - Það þarf 2 fulltrúa frá FUM til að taka þátt í undirbúning, Halldóra Péturs og Tryggvi Thayer bjóða sig fram fyrir hönd FUM.
2. Nestisfundir á árinu 2023 – málefni
 - Stefnum á að taka einn fund í byrjun mars. Taka frá stofu og vera líka með fjarfund/zoom
 - Hugmynd að fundurinn sé ca 50-60 mín
 - Hugmynd er um að byrja á fundi um blandaðar rannsóknaraðferðir og fleiri hugmyndir komu upp á fundinum eins og t.d. kynningu á úthlutun háskólaráðuneytis/verkefna sem tengjast menntavísindum
 - Athuga samstarf við aðra um hádegisfundi eins og kennslunefndina
3. Heimasíðan – upplýsingar og ábyrgðarmaður
 - Anna Magnea og Jóhann taka að sér þennan þátt og eins munu þau sjá um að senda á Facebook.
 - Tryggvi getur aðstoðað við tæknilega hlutann.
 - Birtingastefna um t.d. Facebook síðuna og heimasíðuna.
 - i. Verðum að velta fyrir okkur hvað við viljum setja inn
4. Félagatal og árgjald
 - Komin með félagatalið og það eru 300 manns skráðir (október 2019)
 - Félagsgjöld verða send út í mars
5. Rannsóknarverkefni
 - Fórum yfir lögin og hlutverk félagsins. Eigum að búa til vettvang/hvetja til/leiða fólk saman.
6. Önnur mál